

REGLUGERÐ

um takmörkun sölu á kveikjaragasí.

1. gr.

Bannað er að selja í almennum verslunum, þ.m.t. söluturnum, lofttegundirnar bútan, þ.m.t. ísóbútan, og própan í ílátum sem sérstaklega eru ætluð til áfyllingar á eldfæri (kveikjaragas).

Þar sem sala er heimilud t.d. á bensínafgreiðslustöðvum má þó aðeins afhenda einstaklingum bútan, þ.m.t. ísóbútan, og própan að þeir séu fullra 18 ára gamlir og að varan sé merkt í samræmi við fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Bannið nær ekki til notkunar þessara lofttegunda í kútum til eldunar og upphitunar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 16. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og 6. gr. laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal:

Umbúðir fyrir kveikjaragas skulu merktar á íslensku með eftirfarandi upplýsingum:

1. Nafn, heimilisfang og símanúmer innflytjandans eða umboðsaðilans.
2. Hættuleg efni í vörinni.
3. Notkunarreglur og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, t.d. hvað gera skuli ef slys ber að höndum.

Auk ofangreindra upplýsinga skulu eftirfarandi varnaðarmerki og varnaðarorð koma fram á umbúðum:

Litur á varnaðarmerki:
Svartur eldur á appelsínugulum grunni



Afar eldfim fljótandi lofttegund.
Geymist á vel loftræstum stað.
Gerid varúðarráðstafanir gegn stöðu rafmagni.
Haldið frá hitauppsprettum —
reykingar bannaðar.
Geymist við hitastig sem ekki er hærra en 50°C.
Geymist þar sem börn ná ekki til.
Hættulegt við innöndun.

Hollustuvernd ríkisins skal staðfesta að umbúðamerkingar séu réttar áður en til dreifingar kemur.